



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknasjóður Háskólans (verkefnasjóður)

Viðmið við úthlutun

Í samræmi við 7. mgr. 75. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands setur vísindanefnd háskólaráðs eftirfarandi viðmið um vinnulag og mat á umsóknum í tengslum við úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Nýjar umsóknir eru metnar af viðkomandi fagráði, nema fagrád telji nauðsynlegt að senda umsókn í utanaðkomandi mat. Hægt er að sækja um styrk, allt að 1700 þ.króna á ári, til eins, tveggja eða þriggja ára í senn. Lokaskýrslu þarf að skila að styrktíma liðnum. Ekki þarf að skila framvinduskýrslu eftir hvert ár.

Gæði umsóknar og ritvirkni umsækjenda

Fagrád metur umsóknir til sjóðsins. Til grundvallar matinu er horft til stöðu þekkingar, vísindalegs gildis, markmiða, aðferða og tímaáætlunar rannsóknar.

Að loknu gæðamati umsókna er þeim raðað á grundvelli aflstiga eða ritvirknistiga umsækjanda undangengin fimm ár (birtingar eða stig á umsóknarári er ekki talin með) í samræmi við gögn frá vísinda- og nýsköpunarsviði.

Einkunn umsóknar byggist á eftirfarandi:

Gæði umsóknar, (vægi: 40-60%)

Ritvirkni, (vægi: 40-60%)

Fagráðum er heimilt að ákveða hvort gæði umsóknar eða ritvirkni vegi 40%, 50% eða 60%. Sú ákvörðun skal liggja fyrir áður en mat hefst.

Stjórn Rannsóknasjóðs ákveður styrkfjárhæðir og fjölda styrkflokka.

Við lokaflokkun umsóknar er heimilt að taka tillit til eftirfarandi þátta:

1. Nýir starfsmenn (þeir sem hafa hafið vísindaferil á seinustu fimm árum miðað við ráðningu í akademískt starf (lektor/sérfræðingur) hækka um flokk, raðist þeir neðarlega vegna birtinga sinna.
2. Birtingarhefð. Heimilt er að hækka umsókn um flokk ef birtingartíðni á viðkomandi fagsviði er lág í samanburði við önnur fagsvið.
3. Persónulegar aðstæður. Heimilt er að hækka umsóknir um flokk eða flokka ef umsækjandi hefur verið í barneigna- eða veikindaleyfi undangengin fimm ár. Standi barneignaleyfi yfir í 6 mánuði eða meira er heimilt að hækka umsækjanda um allt að tvo flokka. Sama gildir um veikindaleyfi.
4. Umsækjendur sem hafa notað rannsóknir sérstaklega til að efla samfélagslega þjónustu og starfsemi á vettvangi er heimilt að hækka um flokk. Rökstuðningur þarf að fylgja í umsókn.

Gerri fagráð tillögu um tilfærslu samkvæmt framangreindu skal í **öllum** tilvikum fylgja skýr rökstuðningur. Að öðrum kosti getur stjórn Rannsóknasjóðs ekki tekið tilfærsluna til greina.

Að lokinni röðun fagráða eru tillögurnar kynntar fyrir stjórn Rannsóknasjóðs og þær metnar.

Ef fagráðsmenn eða fulltrúar í stjórn Rannsóknasjóðs eru tengdir umsóknum eða umsækjanda skulu þeir víkja af fundi (sbr. skjal vísindanefndar um vanhæfi).